

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 86 24. apríl 1943, um samflot skipa.

Reglugerð nr. 86 24. apríl 1943, um samflot skipa, er úr gildi numin.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Emil Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

130

17. júlí

SAMBÝKKTIR

fyrir Sparisjóð Skriðuhrepps, Eyjafjarðarsýslu.

131

27. júlí

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Skriðuhrepps. Heimili hans og varnarþing er í Skriðuhreppi.

2. gr.

Til tryggingar því, að geymslufé innlagsmanna glatist ekki og sjóðurinn standi í skilum, skal sveitarfélagið, sem stofnandi hans, ábyrgjast innstæðurnar með allt að kr. 10000.00, og skal hreppsnefndin fyrir hönd sveitarfélagsins skrifa undir skuldbindingu þar að lútandi í gerðabók hreppsins. Ábyrgðin er óuppsegjanleg.

3. gr.

Stjórn sparisjóðsins er: hreppsnefnd Skriðuhrepps, og ræður hún starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnvaldaauglýsingar, hverjir séu starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og upplýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni stjórnar, starfsmanna eða endurskoðenda, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og aðrir starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum né ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn: féhirðir og formaður. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð nema tveir úr stjórn hans eða starfsmenn séu viðstaddir og rita þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins. Féhirðir má veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir. Heimilt er hreppsnefndinni að hafa þessi störf með höndum. Starfsmenn skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn, en heimilt er stjórn sjóðsins að segja þeim upp starfinu fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir fyrir hendi. Skal formaður leggja málið fyrir lögboðaðan sveitarfund, sem fellir í því fullnaðarúrskurð.